

## 115. fundur

Fundur var haldinn í skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar mánudaginn 16. mars 2009 kl. 17: 00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Ásgeir Gunnar Jónsson, Eydís B. Eypórsdóttir, Helgi B. Haraldsson, Björgvin Ólafsson, Guðmundur Kristinsson, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

Dagskrá.

1. Reitarvegur 6a, íbúðarhús. Byggingarleyfi.  
Jon Nordstein kt. 180756 2139 sækir um f.h. Eddu Baldursdóttur kt. 160385 2869 um að byggja einbýlishús við Reitarveg 6A sbr. teikningar frá Arkitektarstofu Olöf og Jon ehf. dags. 6. mars '09 . Stærðir: 587,9 m3, 193,8 m2.  
Nefndin samþykkir samkvæmt 7. mgr. 43. Gr. skipulags- og byggingarlaga, að grenndarkynna byggingarleyfissókn fyrir eigendum húsa við Reitaveg nr. 2, 4, 4a og 6.
2. Aðalgata 17, bankaútibú. Byggingarleyfissókn.  
Steinar Sigurðsson sækir um f.h. Nýja Kaupþingsbanka kt. 3711-1-00230170 að byggja útibú bankans að Aðalgötu 17 samkvæmt teikningum frá Steinari Sigurðssyni arkitekt FAÍ dags. 7.03.'09. Stærðir: 1.410,8 m3, 312,5 m2.  
Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.  
  
Helgi situr hjá við lið nr. 3 vegna tengsla.
3. Víkurgata 8, stækkun og endurbygging á útihúsi.  
Jon Nordstein sækir um f.h. Þorgeirs Kristóferssonar kt. 101261 7199 Víkurgötu 8, að endurbyggja og stækka útihús á lóð fyrir bílskúr, bátaskýli og vinnustofu með geymslulofti, sbr. bréf og teikningar dags 6. mars '09.  
Nefndin samþykkir að grenndarkynna erindið sem óverulega breytingu á deiliskipulagi miðbæjar samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlögum.  
Samþykkt að grenndarkynna erindið fyrir eigendum/leigjendum húsa við Víkurgötu 7, Laufásvegi 4, Aðalgötu 11 og 13.
4. Nýræktarland. Fjánhús.  
Lagðar fram teikningar af fjárhúsi Benedikts Frímanssonar mótt. 3.03.'09.  
Samþykki Ræktunarfélags Stykkishólmsbæjar liggur fyrir.  
Nefndin samþykkir stöðuleyfi á fjárhúsi.
5. Hamraendi 3, mhl. 010101, milliloft.

Friðrik Jónsson sækir um f.h. Vírus ehf, kt.531106 2370 að byggja milliloft í bil mhl. 010101 við Hamraenda 3 samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu EK, dags. mars 2009.

Erindi samþykkt að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar. Gjöld samtals kr.

6. Deiliskipulagsbreyting á frístundabyggð við Arnarborg.  
Lögð fram athugasemdir frá Skipulagsstofnun dags. 6.03.2009 vegna breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Arnarborg.  
Nefndin leggur til að auglýsa tillögu að deiliskipulagsbreytingu á frístundabyggð við Arnarborg dags. 28.08.2008, samkvæmt 25. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

7. Önnur mál.